

Stuðningsyfirlýsing við þingsályktunartillögu Pírata

Reykjavík 21. mars 2017

Frá Tónlistarskólanum í Reykjavík

Mál 143

Húsnæði Listaháskóla Íslands

Sem skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík lýsi ég yfir eindregnum stuðningi við þingsályktunartillögu Pírata um húsnæði Listaháskóla Íslands.

Í dag fer kennsla í Listaháskólanum fram á mörgum stöðum í borginni og skapast bæði óhagræði og óþarfa kostanaður af því. Húsnæðið er í sumum tilvikum ekki aðgengilegt fyrir fatlaða, auk þess sem fregnir berast af myglu og skemmdum í húsnæði sem notað er til kennslu.

Það er mikilvægt að starfsemi Listaháskólans fari öll undir eitt þak til að auka samnýtingu og möguleika á frjóum samskiptum á milli deilda. Til viðbótar við betri faglega aðstöðu yrði fjárhagslegt hagræði töluvert.

Listir gegna mikilvægu hlutverki í nútíma samfélagi og það er stjórnvalda að styðja við listmenntun á háskólastigi með því að tryggja henni viðeigandi aðstöðu.

Ég hvet stjórnvöld til þess að leysa sem fyrst húsnæðisvanda Listaháskóla Íslands með varanlegum lausnum.

Fyrir hönd Tónlistarskólans í Reykjavík


Kjartan Óskarsson, skólastjóri

